

10. gr.

44

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynlegt til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu og aðra veltu gjaldanda og ákveða gjaldið eftir því.

5. apríl

Skattstjóri og skattanefnd skulu hafa aðgang að þeim gögnum opinberra skrifstofa, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt til endurskoðunar framtala og ákvörðunar skattsins.

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna. Söluskatti af sölu og annarri veltu skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með breytingum, sem leiða af lögum nr. 112/1950, um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 5. apríl 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

G J A L D S K R Á

45

um greiðslur fyrir röntgenskoðun og röntgenmyndir,
sbr. 5. tölulið 33. gr. laga nr. 104 30. des. 1943.

9. apríl

Haus	95.00 kr.	Mjóhryggur	80—90.00 kr.
Afhol nefs	75.00 —	Mjóhryggur og spjald-	
Eyru	125.00 —	hryggur	100.00 —
Nef	40.00 —	Hálsliðir	80—90.00 —
Kjálki	75.00 —	Mjaðmagrind	90.00 —
Tönn	30.00 —	Mjaðmir	90—100.00 —
Tennur, allar	100.00 —	Mjöðm	80.00 —
Öxl	80.00 —	Læri	90.00 —
Olnbogi	55.00 —	Hné	75—85.00 —
Úlnliður	55.00 —	Hnéliður með inndælingu	135.00 —
Hönd	50—60.00 —	Fótleggur	75.00 —
Fingur	40—50.00 —	Öklaliður	65.00 —
Rif	95—115.00 —	Rist og tær	65.00 —
Viðbein	75—80.00 —	Tær	45—60.00 —
Hryggur, allur	135.00 —	Gallblaðra	125.00 —
Brjóstliðir	80.00 —	Nýru, yfirlit og lyf	90.00 —

45 Nýru með inndælingu og 9. apríl lyf	135.00 kr.	Kviðarholsslægæð	65.00 kr.
Leg og leggöng með inn- dælingu og lyf	175.00 —	Heili með inndælingu lofts	150.00 —
Lungu	65.00 —	Mænugöng með inndæl- ingu	190.00 —
Hjarta	100.00 —	Lungnapípur með inndæl- ingu (lyf og sérfræðileg aðstoð innifalið)	250.00 —
Vélinda	110.00 —	Þvaggöng með inndælingu og lyf	135.00 —
Magi	130.00 —	Skyggníng lungna	35.00 —
Magi og mjógirni	185.00 —	Röntgengeislun	15.00 —
Magi og ristill eftir inn- dælingu	225.00 —	Ljósflækning (kvarts og kolbogaljós)	8 og 12.00 —
Ristill með inndælingu .	135.00 —		
Fóstur	100.00 —		
Grindarmæling	120.00 —		
Sneiðmyndir af lungum .	150.00 —		

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. apríl 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

46

15. apríl

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt
samkvæmt 12. gr. laga nr. 22/1950.**

1. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts og má áfrýja úrskurði hans til rikisskattanevndar Íslands.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í Reykjavík í síðasta lagi 15. apríl 1951 og 15. maí annars staðar á landinu.

Kærufrestur til rikisskattanevndar er í Reykjavík til 15. maí 1951 og til 15. júní annars staðar á landinu. Skal hún hafa lokið kærúrskurðum í síðasta lagi 30. júlí 1951.

Einnig getur skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði rikisskattanevndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 15. september 1951.

2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 15. ágúst 1951.

3. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 5 10. jan. 1951.

Fjármálaráðuneytið, 15. apríl 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.